

## Tæknibúnaður, netnotkun og rafræn viðskipti fyrirtækja 2008

*ICT and e-Commerce in enterprises 2008*

*Samantekt* Af fyrirtækjum með 10 starfsmenn eða fleiri eru 80% með staðarnet, 56% þráðlaust staðarnet og 18% nota opinn hugbúnað. Vefsíða er aðgengileg hjá 77% íslenskra fyrirtækja og hjá helmingi íslenskra fyrirtækja eru upplýsingar um vörur og þjónustu aðgengilegar á vefsíðu. Nærri 30% íslenskra fyrirtækja nota sjálfvirk gagnaskipti um netkerfi og þá helst í samskiptum við opinbera aðila. Tæplega 40% fyrirtækja pöntuðu vörur eða þjónustu um netkerfi á síðasta ári og tæplega fjórðungur fyrirtækja seldi vörur eða þjónustu um netkerfi.

### Inngangur

*Samræmd könnun á  
EES- svæðinu*

Hagstofa Íslands gerði fyrr á þessu ári könnun meðal fyrirtækja á notkun þeirra á tæknibúnaði, Interneti og umfangi rafrænna viðskipta. Könnunin var gerð í samvinnu við Hagstofu Evrópusambandsins, *Eurostat*, og eru niðurstöður því samamburðarhæfar við kannanir gerðar í öðrum löndum innan EES. Viðmiðunartími spurninga um tæknibúnað og netnotkun fyrirtækis er janúar 2008, viðmiðunartími spurninga um rafræn viðskipti er almanaksárið 2007.

Í þessu hefti er farið yfir helstu niðurstöður könnunarinnar, ýtarlegri niðurstöður eftir atvinnugreinum og stærð fyrirtækja er að finna á heimasíðu Hagstofu Íslands, [www.hagstofa.is/upplýsingataekni](http://www.hagstofa.is/upplýsingataekni).

*Úrtak og heimtur*

Úrtakið náði til 800 fyrirtækja og var svarhlutfall 58%. Í úrtökuramma voru fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri að meðaltali á launaskrá árið 2007. Könnunin náði til fyrirtækja í eftirfarandi atvinnugreinum samkvæmt *Íslenskri atvinnugreinaflokun* (ÍSAT95):

- 15–37 (Iðnaður)
- 45 (Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð)
- 50–52 (Verslun)
- 55 (Hótel- og veitingahúsarekstur)
- 60–64 (Samgöngur og flutningar)
- 65–67 (Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar)
- 70–74 (Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta)
- 92.1 og 92.2 (Gerð, dreifing og sýningar á kvikmyndum. Rekstur útvarps og sjónvarps)




## Helstu niðurstöður

80% fyrirtækja nota staðarnet  
(Local Area Network)

Átta af hverjum tíu fyrirtækjum eru með staðarnet og 56% eru með þráðlaust staðarnet. Innri vefur sem einungis er aðgengilegur starfsfólki var í boði hjá 35% fyrirtækja. Nær fjórðungur fyrirtækja er með ytra net, varða vefsíðu, sem samstarfsaðilar utan fyrirtækisins gátu komist inn á með lykilorði eða PIN-númeri. Hugbúnaður með opnu leyfi sem hægt er að bæta við og dreifa áfram, til dæmis Linux, er notaður í 18% fyrirtækja.

### Mynd 1. Tölvu- og netnotkun fyrirtækja 2008

Figure 1. Use of computers and computer networks 2008




77% fyrirtækja með vefsíðu

Vefsíða er í boði hjá 77% íslenskra fyrirtækja. Algengt er að stór fyrirtæki séu með vefsíðu, til dæmis hafa öll fyrirtæki með fleiri en 100 starfsmenn vefsíðu og 88% fyrirtækja með fleiri en 20 starfsmenn. Hlutfall fyrirtækja með vefsíðu er yfir 70% í öllum atvinnugreinum nema byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð þar sem 53% fyrirtækja með fleiri en 10 starfsmenn halda úti vefsíðu.

### Mynd 2. Hlutfall fyrirtækja með vefsíðu eftir atvinnugreinum og stærð 2008

Figure 2. Proportion of enterprises with websites by activity and size class 2008




(1) Total; (2) Financial intermediation and insurance; (3) Other services; (4) Transport / telecommunication; (5) Trade; (6) Manufacturing; (7) Hotels and restaurants; (8) Construction; (9) 100+ employees; (10) 50–99 employees; (11) 20–49 employees; (12) 10–19 employees.

49% fyrirtækja með upplýsingar um vörur og þjónustu á vefsíðu

Um það bil helmingur íslenskra fyrirtækja hefur upplýsingar um vörur og þjónustu aðgengilegar á vefsíðu. Þriðjungur fyrirtækja býður uppá að panta vörur eða þjónustu í gegnum vefsíðu og 25% fyrirtækja eru með verðlista aðgengilegan á vefsíðu. Hægt er að sækja um starf í gegnum vefsíðu nærri 25% íslenskra fyrirtækja og 21% fyrirtækja auglýsa laus störf á eigin vefsíðu.

### Mynd 3. Upplýsingar og möguleikar á vefsíðum fyrirtækja 2008

Figure 3. Facilities on enterprise websites 2008




28% fyrirtækja nota sjálfvirk gagnaskipti

Sjálfvirk gagnaskipti eru gagnkvæm skipti á upplýsingum, til dæmis pöntunum, reikningum, millifærslum eða vörulýsingum, gegnum Internetið eða önnur tölvunet. Þessi gagnaskipti fara fram sjálfvirk án þess að skilaboðin séu slegin inn. Nærri þrjú af hverjum tíu fyrirtækjum nota sjálfvirk gagnaskipti. Helst eru sjálfvirk gagnaskipti notuð í samskiptum við opinbera aðila eða í rúmlega 20% tilvika.

### Mynd 4. Notkun fyrirtækja á sjálfvirkum gagnaskiptum 2008

Figure 4. Enterprises' use of Automated Data Exchange 2008



(1) Use of Automated Data Exchange; (2) Sending data to public authorities; (3) Receiving data from public authorities; (4) Sending payment instructions to financial institutions; (5) Receiving e-invoices; (6) Sending e-invoices; (7) Receiving orders; (8) Receiving product information; (9) Receiving transport documents; (10) Sending product information; (11) Sending orders to suppliers; (12) Sending transport documents.

39% fyrirtækja pöntuðu vörur eða þjónustu um netkerfi

Með rafrænum viðskiptum eru átt við öll viðskipti sem fara í gegnum netkerfi, viðskipti sem fara í gegnum tölvupóst eru þó ekki talin með. Tæplega 40% fyrirtækja pöntuðu vörur eða þjónustu um netkerfi á síðasta ári. Algengast er að fyrirtæki í verslun og sérhæfðri þjónustu kaupi inn aðföng í gegnum netkerfi.

Tæplega fjórðungur fyrirtækja seldi vörur eða þjónustu um netkerfi árið 2007. Sala um netkerfi er algengust meðal fyrirtækja með fleiri en 100 starfsmenn en um helmingur fyrirtækja í þeim hópi seldi vörur eða þjónustu um netkerfi á síðasta ári.

## Tafla 2. Rafræn viðskipti fyrirtækja eftir atvinnugreinum og stærð 2008

Table 2. E-commerce by field of activity and enterprise size 2008

Hlutfall allra fyrirtækja <i>Percent of enterprise population</i>	Sala <i>Sales</i>	Innkaup <i>Purchases</i>
<b>Alls Total</b>	<b>24</b>	<b>39</b>
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	27	30
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	9	17
Verslun <i>Trade</i>	27	51
Hótel og veitingastaðir <i>Hotels and restaurants</i>	22	14
Samgöngur og flutningar <i>Transport / telecommunication</i>	26	31
Önnur þjónusta <i>Other services</i>	34	68
<b>Fjöldi starfsmanna <i>Number of employees</i></b>		
10–19 starfsmenn <i>employees</i>	21	34
20–49 starfsmenn <i>employees</i>	22	40
50–99 starfsmenn <i>employees</i>	27	48
100 eða fleiri starfsmenn <i>100+ employees</i>	48	63

## English Summary

In 2008 the vast majority of Icelandic enterprises uses local area network (LAN) or 80%, 56% wireless LAN and 18% use open source operating system. Website is accessible among 77% of enterprises and almost half of Icelandic enterprises make information on goods and services available on their website. Almost 30% use automated data exchange, preferably in connection with public authorities. In the year 2007 almost 40% of Icelandic enterprises purchased or placed orders for goods or services via computer networks and 24% sold or received orders from customers.

Hagtiðindi  
Statistical Series

93. árgangur nr. 63

ISSN 0019-1078

Upplýsingatækni  
*Information technology*

2008:2

ISSN 1670-4592 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4606 (pdf)

Verð ISK 800 *Price EUR 11*

Umsjón *Supervised by* Árni Fannar Sigurðsson • arni.sigurdsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

afgreidsla@hagstofa.is